





URÐARHÓLL STARFSÁÆTLUN 2026-2027.DOCX

STARFSÁÆTLUN
2026-2027

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Efnisyfirlit

1. Formáli....3
2. Inngangur....3
3. Skólastarfið/Leiðarljós....4
4. Mat á skólastarfi....4
Innra mat leikskólans....4
Innra mat 2025 – 2026....7
Læsi og samskipti 2025 – 2026....7
Annað sem leikskólinn framkvæmdi í mat....7
Mat barna á skólastarfinu....7
Unicef stöðukönnun....8
Unicef Öryggiskönnun....8
EFI og HLJÓM-2....9
Þema næsta árs : Heilbrigði og vellíðan....9
Ytra mat....10
Vinnustaðagreining meðal starfsfólks....10
Áhersluþættir til umbóta....11
Stjórnun og upplýsingamiðlun....11
Starfsþróun og fræðsluþarfir....11
Niðurlag og áherslur til framtíðar....12
Skólapúlsinn meðal foreldra vor 2026....12
5. Umbótaáætlun....12
6. Áherslur í starfi leikskólans....14
Unicef - Réttindaskóli....14
Okkar skóli....15
Áherslur um heilsu og vellíðan....15
Læsis og málstefna....16
Nýjar áherslur í aðalnámskrá og endurskoðun eigin námskrár....16
Hæfnirammar í íslensku....16
Handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn....17
Farsældin....17
Lausnarteymi....17
7. Þróunar- og nýbreytnistarf....17
K-pals....17

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Unicef réttindaskóli. 18
Úrræðalisti....18
Flutningur milli deilda. 19
8. Foreldrasamstarf 19
Foreldraráð....19
Foreldrafélag 19
10. Símenntunaráætlun 21
Skipulagsdagar....21
11. Aðrar upplýsingar 22
12. Húsnæði og lóð....22
Skólaárið 2025 - 2026 22
Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027....22
13. Öryggismál....22
14. Lokaorð....23
15. Fylgigögn 24
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun 24
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun 24
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 24
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs 24

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, Menntastefnu Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Síðasta skólaár einkenndist af tveimur stórum þróunarverkefnum hjá okkur í Urðarhóli. Í fyrsta lagi var það innleiðing K-pals fyrir elsta árgang skólans. Þar sem elsti árgangur er á fjórum deildum var verkefnið talsvert umfangsmikið í skólanum. Eins og öll önnur góð þróunarverkefni endurspeglaði verkefnið allan tilfinningarskalann. Kennararnir upplifðu uppgjöf, pirring, reiði, gleði, stolt, ánægju og allt þar á milli. Þróunarverkefnið heldur áfram næsta skólaár og verður spennandi að sjá hvort tilfinningaskalinn minnki örlítið þegar verkefnið er keyrt í annað sinn. Það var ekki nóg að vera að keyra á einu stóru þróunarverkefni heldur vorum við einnig á öðru ári innleiðingar réttindaskóla Unicef. Seinna innleiðingarárið felur í sér að innleiða aðgerðaráætlun og aðra þætti. Innleiðing á aðgerðaráætlun gekk vel og tókum við á móti viðurkenningu og urðum réttindaskóli UNICEF á sumarhátíðinni þann 24 júní
.

Í lok síðasta skólaárs var lögð lokahönd á nýja og mikið endurbætta skólanámskrá. Á vorönn fengum við hana svo samþykkta. Í nýrri skólanámskrá var áherslan lögð á að endurspegla skólastarfið í heild sinni. Áherslan var sú að hver sá sem myndi skoða skólanámskránna myndi fá góða mynd af því starfi sem raunveralega á sér stað í leikskólanum Urðarhóli. Við teljum að það hafi tekist mjög vel.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skólaárið gekk, á heildina litið, mjög vel. Við í Urðarhóli erum einstaklega heppin með starfshóp. Hjá okkur starfar úrvalslið faglegra og metnaðarfullra kennara og leiðbeinanda. Við upplifum samstöðu og kærleik í starfsmannahópnum sem endurspeglast í börnunum og faglegu starfi.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Heilsuleikskólinn Urðarhóll er sex deilda leikskóli sem staðsettur er við Kópavogsbraut 19 á Kársnesinu í Kópavogi. Leikskólinn er starfræktur í þremur húsum. Þau eru Urðarhólshúsið, sem í daglegu tali er kallað stóra húsið, Stubbasel sem er staðsett á lóð skólans og Sunnuhóll sem er staðsettur austan við skólann. Í stóra húsinu eru fjórar deildir. Þær heita Stjörnuhóll, Skýjahóll, Sjávarhóll og Skeljahóll og þar er pláss fyrir 88 börn. í Stubbaseli eru pláss fyrir 19 börn og í Sunnuhóli eru pláss fyrir 25 börn. Í heildina eru því 130 börn í skólanum.

Unnið er eftir heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur í Urðarhóli. Því er allt nám skólans byggt á gildum stefnunnar. Yfirmarkmið heilsustefnunnar eru að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Það endurspeglast því í starfi í Urðarhóli. Urðarhóll fór í hugmyndavinnu til að finna þau einkunnarorð sem skólinn vill leggja sérstaka áherslu á. Starfsfólki fannst mikilvægt að þau einkunnarorð myndu endurspegla heilsustefnuna en jafnframt endurspegla einstaka áherslur og kennsluhætti Urðarhóls. Úr þeirri vinnu urðu til einkunnarorð skólans : Heilbrigði, sköpunargleði og vinátta.

Við í Urðarhóli leggjum áherslu á að flétta einkunnarorðin inn í allt nám skólans. Við trúum því að í öllum stundum dagsins eru lærdómstækifæri. Við nýtum því hverja stund sem tækifæri til náms, hvort sem það eru matartímar, þegar við erum í fataherberginu, sjálfsprottinn leikur eða samverustundir. Alls staðar eru tækifæri fyrir börnin að læra og efla færni sína á ýmsum sviðum. Einnig leggjum við í Urðarhóli mikla áherslu á málfar í samskiptum við börn og milli kennara á leikskólatíma. Það er dýrmæt gjöf hins fullorðna að veita barninu ríkulegt tungumál.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Urðarhóls eru *á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks.

Matsteymi: Í Urðarhóli hefur ekki verið starfrækt matsteymi. Á næsta skólaári stefnum við á að virkja slíkt teymi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Matsþættir	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Innra mat 2025 – 2026

Læsi og samskipti 2025 – 2026

Niðurstöður innra mats í læsi og samskiptum sýna að unnið er markvisst að eflingu málþroska barna á öllum aldursstigum með fjölbreyttu málumhverfi, sögum, söng, samverustundum og daglegu spjalli. Börn fá almennt góð tækifæri til að tjá sig, taka þátt í samskiptum og þróa jákvæð tengsl, samvinnu og félagsfærni.

Helstu umbótatækifæri felast í að efla enn markvissari samverustundir, auka fjölbreytni í lestri, söng og þulum og vinna dýpra með orðaforða og frásagnir barna. Mikilvægt er að nýta daglegar aðstæður betur til málörvunar, beita opnum spurningum og tryggja að öll börn fái rými og stuðning til að tjá sig. Það er mikilvægt að vinna markvissar í smærri hópum til að styrkja samskipti og þátttöku.

Jafnframt liggur tækifæri í að vinna markvisst með fjölbreytta íslenska tungu og menningu, auk skapandi verkefna þar sem börn fá að tjá sína upplifun á sinn hátt. Eldri deildar tala um að bæta megi umgengi í fataklefa og nýta hann betur sem tækifæri til kennslu t.d. með því að fara með færri börn í einu fram í fataklefa og virkja börnin í að halda honum snyrtilegum.

Annað sem leikskólinn framkvæmdi í mat

Leikskólinn sendi könnun á foreldra um hvort hætta ætti að bjóða uppá íspinna í eftirrétt í jólamatnum. Niðurstöður voru afgerandi. Eitt foreldri vildi hætta með ísinn meðan aðrir vildu halda honum.

Mat barna á skólastarfinu

Niðurstöður fimm ára mats og fundir réttindaráðs við elstu börn leikskólans sýndu að þau eru almennt ánægð með leikskólastarfið, þó þau hafi skýrar hugmyndir um hvað megi bæta. Börnin bentu mikið á úrbætur á útisvæði, þar sem börnin óska eftir fjölbreyttari leiktækjum, fótboltamörkum, fleiri útileikjum sem og uppbroti eins og vasaljósadögum, auk einfaldra úrbóta á borð við nýjar skóflur, meiri tónlist og lýsingu í garðinum.

Börnin lýstu einnig mikilli ánægju með matinn en komu með óskir um aukna tíðni á uppáhaldsréttum sínum, svo sem plokkfiski, kjúklingaréttum og pizzu. Í samverustundum kom fram að börnin njóta þess að hlusta á lestur og vilja auka hann enn frekar. Jafnframt bentu þau á þörf fyrir að draga úr hávaða og tryggja að allir fái tækifæri til að tjá sig.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Þá komu fram hugmyndir um aukna fjölbreytni í daglegu starfi, til dæmis fleiri ferðir, fjölbreyttara leikefni og litríkara umhverfi. Börnin lögðu einnig áherslu á mikilvægi leiksins. Þau vildu fá að leika endalaust og stoppa þegar maður vill það sjálfur.

Unicef stöðukönnun

Öll börn á elsta ári tóku þátt í stöðumati UNICEF þar sem þau svöruðu með brosköllum í einstaklingsviðtölum með kennara. Niðurstöður sýna að börn upplifa almennt öryggi og vellíðan í leikskólanum. Undantekning kom fram varðandi salernisaðstöðu, þar sem skortur á næði hefur áhrif á líðan barna.

Einnig kom fram að sum börn upplifa takmarkað sjálfræði í vali á leiksvæði og leikfélögum. Í framhaldi verður unnið markvisst með þessar niðurstöður í samráði við börnin til að efla þátttöku þeirra og áhrif á eigið leik- og námsumhverfi.

Stöðumatið reyndist gagnlegt verkfæri til að fá fram raddir barna. Fyrirhugað er að leggja það fyrr fyrir og ná til fleiri árganga. Jafnframt verður mótuð skýr viðbragðsáætlun til að bregðast við niðurstöðum þegar þörf krefur.

Unicef Öryggiskönnun.

Í apríl var öryggiskönnun send heim með elstu börnum leikskólans. Skil á könnuninni voru takmörkuð, þar sem 12 af 40 könnunum skiluðu sér til baka. Þrátt fyrir það veittu niðurstöður gagnlegar vísbendingar um líðan og upplifun barna.

Svör voru almennt jákvæð, en fram komu einnig ýmsar óskir barna um endurbætur, meðal annars um ný leiktæki á útisvæði, svo sem hoppubelg, þriggja manna rólu og stærri leikkastala. Könnunin sýndi einnig að börn nýttu tækifærið til að tjá sig um eigin upplifun af öryggi. Í einstaka tilvikum kom fram upplifun af óöryggi, sem brugðist var við með markvissum hætti. Í einu tilviki var foreldrum boðið til fundar til að vinna sameiginlega að úrbótum, en í öðrum tilvikum var unnið með málin innan barnahópsins, meðal annars í samverustundum þar sem rætt var um aðstæður og leitað lausna með börnunum.

Vegna takmarkaðrar svörunar reyndist erfitt að draga víðtækari ályktanir. Á næsta skólaári er því stefnt að því að leggja könnunina fyrir fleiri árganga með það að markmiði að auka þátttöku og fá heildstæðari mynd af upplifun og öryggi barna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

EFI og HLJÓM-2

HLJÓM-2 skimun er lögð fyrir öll börn á elsta aldursári leikskólans. Niðurstöður sýna að 40% barna mældust með meðalfærni, 38% með góða færni, 15% með slaka færni og 5% með mjög slaka færni (16 með meðalfærni, 15 með góða færni, 6 með slaka færni og 2 með mjög slaka færni). Niðurstöður HLJÓM-2 eru kynntar foreldrum allra barna með áherslu á gagnsæi og faglega upplýsingagjöf. Ef barn mælist með slaka eða mjög slaka færni er boðað til foreldraviðtals þar sem farið er yfir niðurstöðurnar og foreldrum veittar leiðbeiningar um hvernig efla megi hljóðkerfisvitund barnsins heima fyrir. Jafnframt taka þessi börn þátt í markvissri íhlutun innan leikskólans þar sem unnið er með verkefni sem miða að því að efla hljóðkerfisvitund. Á hverri eldri deild eru starfræktir HLJÓM-2 hópar sem fela í sér aukna málörvun með sérstaka áherslu á þessa færniþætti. Að lokinni íhlutun er skimunin lögð fyrir að nýju til að meta framfarir. Endurmat sýndi að íhlutunin bar árangur; 67% þeirra barna sem upphaflega mældust með slaka færni náðu góðri færni við endurtekningu matsins og 33% náðu meðalfærni. Börn sem mældust með mjög slaka færni sýndu einnig framfarir og færðust upp í flokk slakrar færni.

EFI skimun er lögð fyrir öll börn á þriðja aldursári, í samræmi við verklag leikskólans og áherslur um snemmtæka íhlutun. Markmið skimunarinnar er að greina snemma möguleg frávik í málþroska og tryggja viðeigandi stuðning. Ef niðurstöður sýna frávik frá viðmiðum eru foreldrar boðaðir í viðtal þar sem farið er yfir niðurstöður. Í kjölfarið eru ræddar leiðir til áframhaldandi stuðnings við barnið.

Leikskólinn mælir með beiðni til talmeinafræðings. Samhliða fær barnið markvissa þjálfun innan leikskólans, þar sem unnið er með þá þætti sem þarfnast eflingar. Markmiðið er að efla málþroska og styrkja færni barnsins.

Þema næsta árs : Heilbrigði og vellíðan.

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð áhersla á heilbrigði og vellíðan í innra mati. Í Urðarhóli vinnum við eftir heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Við leggjum áherslu á hreysti barnanna í gegnum leik og daglegt starf. Í Urðarhóli förum við út á hverjum degi, og helst oftar en einu sinni. Við höfum markvisst útinám á elstu deildum og eru deildar duglegar að fara í hinar ýmsu vettvangsferðir. Við stefnum á að fá fyrirlestur um áhættuleik og útinám á starfsdag eða

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

annað sem tengist heilbrigði og vellíðan. Einnig erum við að fara í námsferð til Berlínar þar sem við sækjum námskeið um útinám.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla, foreldra og utan af komandi aðilum. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Samantekt á niðurstöðum kannanna og eftirlits

Húsumsjónarmaður sér um reglubundna yfirferð á eldvarnarmálum og tryggir að þau uppfylli gildandi kröfur. Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins heimsótti leikskólann, framkvæmdi úttekt á eldvarnareftirliti og sinnti jafnframt fræðslu til elstu barna um brunavarnir og viðbrögð við neyðartilvikum.

Eftirlitsaðilar á vegum Kópavogsbæjar komu einnig í heimsókn og skoðuðu leikskólalóðina. Að lokinni úttekt voru ábendingar og tillögur sendar til viðeigandi aðila innan Kópavogsbæjar til frekari úrbóta, eftir því sem við á.

Við höfum ekki fengið heimsókn frá heilbrigðiseftirlitinu seinasta skólaár og því ekki fengið neina skýrslu þaðan.

Vinnueftirlitið hefur ekki komið hingað síðastliðið skólaár.

Vinnustaðagreining meðal starfsfólks

Niðurstöður könnunarinnar sýna að almennt ríkir góð starfsánægja á leikskólanum. Starfsfólk metur starfsánægju sína að meðaltali 8,2, hollustu 8,9 og tryggð við vinnustað 8,6.

Sérstaklega mælist samstarf á vinnustað hátt (9,3), sem gefur vísbendingar til trausts, jákvæðra samskipta og góðs starfsanda. Einnig er starfsfólk ánægt með gæði starfsins (9,1),

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

upplifir sjálfstæði í starfi og telur sig ná árangri. Þá kemur fram mjög mikil ánægja með næsta yfirmann (9,2). Auk þess upplifir starfsfólk sig stolt af vinnustaðnum og telur ímynd Urðarhóls vera góða.

Áhersluþættir til umbóta

Þrátt fyrir jákvæða niðurstöðu koma fram ákveðin tækifæri til umbóta. Lægst mælast starfsskilyrði (6,6), vinnuálag (4,7) og mat á launum í samanburði við önnur störf (6,2). Þessar niðurstöður benda til þess að starfsfólk upplifi álag og að bæta megi aðstæður og skipulag í starfi. Við ályktum að tækjabúnaður leikskólans sé ein af meginástæðum þess að starfsskilyrði eru að mælast svo lágt. Fjórar tölvur eru búnar að vera á útskiptilista í hátt í ár, og eru orðnar virkilega hægar og virka ekki sem skyldi. Einnig eru við með hátt hlutfall fagmenntaðra og oft er barningur um tölvurnar og aðstöðu í undirbúningsherbergi þar sem aðstaðan er of lítil og tölvur of fáar.

Niðurstöður um streitu og kulnun sýna svipaða niðurstöðu. Hluti starfsfólks upplifir að vera útkeyrður í lok vinnudags og merki eru um álagseinkenni. Í opnum svörum kemur fram að helstu ástæður séu of mörg börn á deildum, undirmönnun og skortur á stöðugum starfskrafti, takmörkuð rými og vinnuaðstæður, mikill hávaði og auknar kröfur til kennara. Þetta bendir til þess að álag sé að verulegu leyti kerfislægt og kalli á skipulagðar aðgerðir. Við ályktum að erfiðleikar með ráðningar í haust hafi haft áhrif á svörun. Ráðið var starfsfólk sem kom vel fyrir en reyndist svo ekki hæft í starfið og því óstöðuleiki í byrjun hausts. Einnig reyndist erfitt að ráða í stöðurnar en voru nokkrir einstaklingar sem hættu við á síðustu stundu sem og reyndist erfitt að finna hæft starfsfólk.

Stjórnun og upplýsingamiðlun

Niðurstöður sýna að starfsfólk er mjög ánægt með sinn næsta yfirmann, en á sama tíma eru vísbendingar um að bæta megi upplýsingamiðlun frá æðri stjórnendum.

Starfsþróun og fræðsluþarfir

Könnunin sýnir að starfsfólk kallar eftir aukinni fræðslu og stuðningi í starfi. Þar kemur fram áhugi á fræðslu um samskipti og vellíðan í starfi, stjórnun álags og streitu og aukna færni í notkun stafræns umhverfis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Niðurlag og áherslur til framtíðar

Heildarniðurstöður starfsmannakönnunarinnar sýna að við í leikskólanum Urðarhóli búum yfir sterkum starfshópi þar sem ríkir góður starfsandi, traust og faglegur metnaður. Helstu styrkleikar okkar liggja í öflugu samstarfi, jákvæðum starfsanda, ánægju með gæði starfsins og góðri stjórnun. Á sama tíma og við erum stolt af öllu því góða starfi sem er innanhúss er mikilvægt að bregðast við þeim þáttum sem lúta að vinnuálagi, mönnun, starfsskilyrðum og vinnuaðstöðu

Skólapúlsinn meðal foreldra vor 2026

Svarhlutfall var 83,5% eða foreldrar frá 91 barni. Ánægja með leikskólann var 95,3% og var einu prósentu stigi yfir landsmeðaltali.

Niðurstöður foreldrakönnunar sýna almennt mjög mikla ánægju með starf leikskólans. Foreldrar leggja sérstaklega áherslu á hlýtt og faglegt starfsfólk, gott andrúmsloft og vellíðan barna. Einnig er mikið hrós fyrir fjölbreytt og markvisst fagstarf, m.a. útikennslu, vettvangsferðir, áherslu á hreyfingu, skapandi starf og eflingu félags- og náms þroska barnanna. Þá er matarstefna og heilsuefling talin til fyrirmyndar, ásamt góðri samvinnu við foreldra og jákvæðri skólamenningu.

Þó má auðvitað greina ákveðin þróunartækifæri. Foreldrar kalla eftir bættu og markvissara upplýsingaflæði, bæði um daglegt starf, viðburði og framfarir barna. Einnig er bent á þörf fyrir meiri regluleg samskipti og einstaklingsmiðaða endurgjöf, t.d. fleiri foreldraviðtöl eða í daglegu spjalli. Þá koma fram ábendingar um að samræma betur skipulag milli deilda, svo sem varðandi aldursskiptingu barna og að upplýsingagjöf sé svipuð milli deilda.

Auk þess nefna foreldrar þætti sem snúa að aðstöðu og skipulagi, svo sem bílastæðamál, fataklefa og leikfangakost. Þá eru einnig nefnd atriði tengd sérþjónustu og snemmtækri íhlutun, þar sem biðlistar og skortur á samfellu í þjónustu sé ábótavant. Í samskiptum er bent á að nýta megi samskiptaleiðir betur (eins og Völu) og tryggja að fyrirspurnum sé svarað tímanlega í Völunni.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Urðarhóli er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2026–2027 byggir á niðurstöðum innra og ytra mats þar sem fram komu bæði skýrt styrkleikar í starfinu og tækifæri til frekari þróunar. Markmið áætlunarinnar er að efla gæði leikskólastarfsins áfram með því að styrkja faglegt starf og viðhalda því sem vel er gert.

Í innra mati þar sem metið var læsi og samskipti sýndu niðurstöður að margt sé vel gert. Unnið verður áfram með fjölbreytt málumhverfi þar sem áhersla er lögð á lestur, söng, þulur og daglegt samtal. Sérstök áhersla verður á að dýpka vinnu með orðaforða og frásagnir barna, nýta opnar spurningar og tryggja að öll börn fái tækifæri til virkrar þátttöku í samskiptum. Aukin áhersla verður lögð á vinnu í smærri hópum þar sem börn fá tækifæri til að segja frá eigin upplifun.

Við í leikskólanum Urðarhóli viljum að réttindi barna verða áfram í forgrunni á nýju skólaári. Það endurspeglar okkar gildi sem og gildi réttindaskóla UNICEF. Niðurstöður stöðumats Unicef sýna að börnum líður almennt vel, en mikilvægt er að bregðast við þeim þáttum sem þarfnast úrbóta. Unnið verður að því að bæta aðstæður þar sem skortur er á næði, sérstaklega salernisaðstöðu barna. Það kom fram í stöðumatinu að sum börn upplifa óöryggi á salerni þar sem þau geta ekki lokað að sér. Niðurstöður stöðumats voru gagnlegar en var matið tekið heldur seint. Því viljum við á næsta ári taka stöðumatið á haustönn svo hægt sé að vinna úrbætur jafnt yfir skólaárið. Næsta skólaár verður annað skólaárið þar sem réttindaráð verður virkt og því er stefnan að virkja það enn betur. Við sáum á síðasta skólaári að okkar fyrirkomulag með réttindaráð þarf að bæta og ætlum við að betrumbæta það ásamt starfsfólki næsta skólaár. Áfram verður lögð áhersla á að efla þátttöku barna í ákvarðanatöku og þróa leiðir til að hlusta á raddir þeirra.

Niðurstöður starfsmannakönnunar komu heilt yfir vel út en alltaf er þó gott hægt að bæta. Helstu umbætur sem talað var um í könnuninni sneru þó um rými og barngildi. Starfsfólki finnst allt of mörg börn í of litlu rými þar sem börnin eru í of miklum þrengslum við leik sinn

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

þrátt fyrir að starfsfólk reyni að skipta hópnum upp í fleiri rými. Tölvubúnaður leikskólans er orðin ansi gamall og úreltur. Við höfum beðið eftir að fá þeim skipt út en biðin er orðin frekar löng.

Niðurstöður foreldrakönnunar komu vel út en alltaf er rými til bætingar. Það virðist vera að upplýsingargjöf sé ávallt sá þáttur sem kemur sem verst út í könnuninni. Allar deildar eru að senda vikupósta og skrifa á upplýsingatöfluna í fataklefa deildarinnar. Við höfum verið að taka foreldraviðtöl í afmælismánuði barnsins en mættum vera duglegri við að bjóða foreldrum upp á viðtal við hálfsárs afmæli þess. Við vonumst til að það hafi þau áhrif að foreldrar upplifi aukna upplýsingagjöf gagnvart þroska og námsframvindu síns barns. Einnig bentu foreldrar á óreiðu í fataklefa og höfum við verið að reyna markvisst að hafa fataklefana snyrtilegri. Sama á við um umferðaröryggi við leikskólann. Bílastæði við skólann eru afskaplega fá og er mikið öngþveiti við skólann á háannatíma. Við höfum óskað eftir að fleiri kantar séu málaðir gulir til að koma í veg fyrir að þeir séu notaðir sem bílastæði og skapi hættu. Við hvetjum foreldra til að koma labbandi vegna plássleysis og sendum reglulega út pósta til að minna á umferðaröryggi við skólann. Minnst var á leikfangakosti í könnunni en við tókum hálfann skipulagsdag í að taka til í leikfangakosti leikskólans á vorönn. Þar sem farið var yfir öll leikföng og ónýtu og brotnu hent.

Það mikilvægasta teljum við þó að halda áfram að efla það sem vel er gert. Áherslan er á að viðhalda faglegu og kærleiksríku umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að læra í gegnum sjálfsprottinn leik.

Læsis- og málstefna er ekki tilbúin þegar starfsáætlun er skrifuð og er það á umbótaráætlun næsta skólaárs að þær verði tilbúnar ekki seinna en um áramót.

6. Áherslur í starfi leikskólans

Unicef - Réttindaskóli.

Þetta skólaár var annað árið hjá okkur í innleiðingu réttindaskóla. Við unnum að fimm þátta aðgerðaráætlun. Áhersla var lögð á að festa réttindahugsun í daglegu starfi með raunhæfum aðgerðum sem byggðu á núverandi starfsháttum skólans. Starfið fól m.a. í sér fræðslu til starfsfólks, virkni réttindaráðs barna, stöðumat og öryggiskannanir með börnum, gerð

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

samskiptasáttmála á öllum deildum og aukna þátttöku barna í ákvarðanatöku í daglegu starfi. Börn fengu reglulega tækifæri til að tjá skoðanir sínar og hafa áhrif, m.a. í gegnum kosningar, samráð og umræðusamverur.

Barnasáttmálinn var fléttaður inn í leik, námsumhverfi, listsköpun, söng, lestur og samskipti. Foreldrar voru upplýstir um verkefnið og framvindu þess, og lögð var áhersla á að aðgerðirnar festust í menningu og æðakerfi skólans fremur en að vera tímabundnar.

Á næsta starfsári munum við halda ótrauð áfram við aðgerðaráætlun næstu ára. Við ætlum þar að leggja meiri áherslu á að ná til foreldra, gera markvissari vinnu með gildi og einnig að halda áfram með þær aðgerðir sem voru hluti af síðustu aðgerðaráætlun.

Okkar skóli.

Ár hvert tökum við þátt í verkefninu okkar skóli. Allar deildar hjá okkur halda lýðræðislega kosningu þar sem börnin velja hvað þau vilja gera við peninginn sem þau fá. Það er útskýrt fyrir þeim hversu mikill peningurinn er og hvað sé raunhæft að kaupa. Á yngri deildum eru myndir notaðar þegar kosið er. Ein deild vildi fara í tveggja hæða strætó, hinar deildarnar ákváðu að kaupa leikföng sem börnunum fannst vanta. Ein keypti búninga, tvær deildar keyptu matarstell, ein keypti kubba og síðasta keypti þroskaleikföng.

Áherslur um heilsu og vellíðan.

Við vinnum eftir heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Í ár hóf störf nýr íþróttakennari. Með nýju fólki koma nýjar áherslur og hefur verið gaman að sjá útinámið endurvakið þetta skólaár. Íþróttakennari er því með íþróttir fyrir hádegi og fer í útinám á eldri deildum eftir hádegi. Það verður gaman að sjá það þróast enn frekar á næsta skólaári.

Á næsta skólaári erum við að fara til Berlínar þar sem á að skoða leikskóla sem leggja áherslu á útinám. Einnig munum við fara á námskeið um útinám barna. Við teljum að útikennsla sé mikilvæg fyrir heilsu og vellíðan barna.

Á þessu skólaári varð til hópur starfsfólks sem ákvað að halda Urðarhólsgusur. Í gusum er lögð áhersla á andlega vellíðan og heilsu. Hópurinn hefur stækkað jafnt og þétt yfir skólaárið og er enn að stækka. Urðarhólsgusur hafa ekki einungis verið góðar fyrir andlega vellíðan starfsfólks

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

heldur hafa gusurnar haft góð áhrif á starfsanda. Við stefnum að því að halda þessum hópi áfram á næsta skólaári og vonandi stækka hann.

Læsis og málstefna

Á komandi skólaári munum við leggja áherslu á að móta læsisstefnu leikskólans sem og málstefnu. Þær eru hvorar um sig á byrjunarstigi og því munum við leggja áherslu á að innleiða þær á næsta skólaári. Við stefnum að því að fá saman faghóp sem hefur áhuga á að móta hvora stefnu og kynna hana á starfsdögum fyrir öllu samstarfsfólki.

Nýjar áherslur í aðalnámskrá og endurskoðun eigin námskrár.

Við skiluðum skólanámskránni okkar í júní á síðasta ári og hefur hún verið samþykkt. Í nýju námskránni okkar er áhersla lögð á sjálfsprottinn leik. Síðustu ár hefur verið lögð aukin áhersla á sjálfsprottinn leik og höfum við breytt lítillega skipulagi innanhúss til þess að leikurinn fái meira pláss og skiptistundum sé fækkað.

Við ákváðum að fara þá leið að hafa námskránna ítarlega þannig að hún endurspegli starfið í Urðarhóli. Við vildum að í henni kæmi fram þau helstu verkefni sem eru í daglegu starfi sem og tyllidagar.

Í námskránni er jafnframt lögð rík áhersla á heildrænt nám þar sem einkunnarorðin heilbrigði, sköpunargleði og vinátta eru leiðarljós í öllu starfi. Þar kemur fram hvernig við vinnum markvisst með málörvun, hreyfingu, útinám, skapandi starf og félagsfærni barna, auk þess að leggja áherslu á samstarf við foreldra og farsæld barna í víðum skilningi.

Skólanámskráin hjá okkur er lifandi plagg og mun hún breytast eftir verkefnum leikskólans.

Hæfnirammar í íslensku

Við höfum ekki tileinkað okkur að vinna með hæfnirammana. Líkleg ástæða þess er lágt hlutfall barna með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn. Síðastliðið skólaár höfum við hins vegar verið að innleiða vinnu með hæfniramma og hafa deildar verið að nýta þá með þau börn sem hafa annað heimamál en íslensku.

Handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Þetta skólaár var sett á laggirnar nefnd þvert á leikskóla fyrir börn með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn. Við höfum ekki verið að vinna eftir handbókinni, en eftir að tveir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

starfsmenn hjá okkur fóru í nefndina höfum við verið að skoða hana og erum að vinna eftir henni við aðlögun nýrra barna næsta skólaár.

Farsældin

Á starfsdegi í janúar voru Hjördís Stefanía og Júlía með erindi um farsældina. Fræðsluefni er aðgengilegt fyrir allt starfsfólk inná teams. Farsældarvikan var nýung í ár. Í henni var starfsfólk hvatt til að kynna sér efnið sem er að finna á teams. Einnig þá viku bar Hjördís Stefanía hatt sem merktur var farsældinni. Hún fór inná allar eldri deildar með hattinn og útskýrði fyrir börnunum hvað tengiliður farsældar gerir. Einnig var sendur tölvupóstur með fræðslu til foreldra og voru opnir viðtalstímar fyrir börn og foreldra hjá Hjördísi Stefaníu, tengilið farsældar. Plaggöt voru hengd upp í fataklefum skólans vegna farsældarvikunnar. Gátlisti vegna farsældarinnar var fylltur út með öllu starfsfólki skólans á skipulagsdegi. Tilgangur þess var að starfsfólk fengi tilfinningu fyrir farsældinni og áherslum hennar. Okkur fannst Farsældarvikan virka vel til að vekja vitund foreldra, barna og starfsfólks um Farsældarlögin. Við hefðum viljað hafa hana fyrr á skólaárinu og stefnum því að því að vera með Farsældarviku bæði á haustönn og vorönn á næsta skólaári.

Lausnarteymi.

Starftækt er lausnateymi innan skólans. Virknin var ekki mikil þetta skólaár, en gott er að geta gripið til þess ef þörf krefur. Lausnateyminu barst eitt mál á skólaárinu.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Á liðnu skólaári höfum við unnið að tveimur stórum þróunarverkefnum. Þessi verkefni eru í fyrsta lagi K-pals og í öðru lagi Unicef réttindaskóli. Bæði verkefnin eru heldur fyrirferðarmikil og hefur skólaárið einkennst af þessum tveimur verkefnum.

K-pals

Á skólaárinu 2025–2026 tók leikskólinn þátt þróunarverkefni með K-pals. Innleiðingin gekk upp og niður og endurspeglaði eðli þróunarverkefnis á byrjunarstigi. Starfsfólk upplifði verkefnið með ólíkum hætti. Sumum fannst það skemmtilegt og uppbyggilegt á meðan aðrir upplifðu það sem krefjandi í framkvæmd. Það þarf að koma fram að starfsfólkinu fannst K-pals svíða í leikskólahjartað, þar sem k-pals eru fyrirfram ákveðnar stundir með handrit sem lítið er hægt að bregða útaf. Starfsfóli fannst þessi vinna bitna á sjálfsprottnum leik og ekki

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

samræmast aðferðafræði leikskólans. Þeir kennarar sem voru hvað neikvæðastir í fyrstu hafa þó orðið mjög jákvæðir gagnvart K-pals eftir að þeir sáu árangurinn hjá börnunum. Mörg hver eru farin að lesa og öll hafa sýnt töluverðar framfarir eins og tölurnar sýna þ.e. meðaltalið er aukning um 24 hljóð frá ágúst fram í maí. Það var líka afgerandi í niðurstöðunum að það voru meiri framfarir hjá þeim börnum sem fóru í allar 70 stundirnar. Reynslan sýndi að verkefnið gekk almennt betur í kennslu með færri börnum þar sem svigrúm gafst til meiri yfirferðar og stuðnings við börnin. Nú þegar við erum komin með þessa reynslu og búin að sjá hvað virkar betur en annað verður gaman að sjá hvernig næsta ár mun ganga. Eins verður spennandi að sjá niðurstöður þessa verkefnis eftir að því líkur.

Unicef réttindaskóli.

Þetta skólaár er annað ár innleiðingar réttindaskóla UNICEF. Innleiðingin hefur gengið vel hjá okkur. Þetta ár hefur farið í að framkvæma fimm þátta aðgerðaráætlun, koma inn stöðumati, réttindaráðsfundum og almennt að tileinka okkur starfshætti UNICEF. Aðgerðaráætlunin var fimm þætt. Í fyrsta lagi var það gerð samskiptasáttmála. Allar deildir gerðu samskiptasáttmála með börnunum sem var sýnilegur allta skólaárið og unnið markvisst með. Í öðru lagi var réttindaráð gert starftækt. Í þriðja lagi voru listaverk barnanna tengd barnasáttmála greinum. Í fjórða lagi var vinna byrjuð í að gera lagið *Ég á nafn* sem Inga samdi að lagi leikskólans. Í fimmta lagi voru bækur merktar barnasáttmála greinum og þær bækur voru sérstaklega merktar í bókasafni skólans. Við finnum að áherslur barnasáttmálans samræmast vel okkar vinnubrögðum og þeim áherslum sem við vinnum eftir, við erum því stolt að taka á móti viðurkenningunni þann 24 júní næstkomandi og fá að flagga UNICEF fánanum og verða vottaður réttindaskóli Unicef.

Úrræðalisti

Úrræðalisti var útbúinn þar sem finna má yfirlit yfir helstu úrræði, skimanir og leiðir sem hægt er að nýta þegar þörf er á stuðningi. Listinn nýtist sem hagnýtt verkfæri fyrir starfsfólk og styður við skýrari yfirsýn og samræmdari vinnubrögð.

Flutningur milli deilda.

Í foreldrakönnun síðasta skólaárs kom fram óánægja vegna flutnings á milli deilda, og þá aðallega með upplýsingaflæði. Við ákváðum því að flutningurinn væri gerður meira sýnilegur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

foreldrum og börnum. Það var í raun tvíþætt. Í fyrsta lagi voru það reglulegri heimsóknir vikurnar áður en þau flytja yfir og í öðru lagi gerðum við flutningsskjöl fyrir hvert og eitt barn, sem það tekur með heim. Skjalið er sett upp sem bréf til barnanna. Í bréfinu er félagsfærnisaga um að skipta um deild og einnig kemur fram á hvaða deild barnið er að fara, myndir af þeim börnum sem eru á deildinni fyrir og myndir af starfsfólki. Í foreldrakönnun í ár kemur aðlögun á milli deilda mun betur út, og því teljum við að þessar aðgerðir hafi skilað sínu.

8. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Foreldraráð

Það var kosið í nýtt foreldraráð á haustfundi. Í Foreldraráði sitja Venný Hönnudóttir, Einar Óskar Friðfinnsson og Rakel Guðmundsdóttir. Það var tilkynnt foreldrum á fundinum og einnig á heimasíðu skólans. Foreldraráðið hefur fundað einu sinni á síðastliðnu skólaár þar sem farið var yfir starfsáætlunina. Það misfórst að fá umsögn foreldraráðs um áætlunina.

Foreldrafélag

Það var kosið í nýtt foreldrafélag á haustfundi. Í foreldrafélagi sitja Hrafnhildur Hermannsdóttir sem formaður, Anna Björg Þorvaldsdóttir, Eva Björg Björgvinsdóttir, Hildur Hlíf Sigurkarlsdóttir, Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir og Tinna Jökulsdóttir meðstjórnendur og Ingibjörg Sólrún Ágústsdóttir sem fulltrúi leikskólans. Tilkynnt var um nýtt foreldrafélag á foreldrafundi og sett inná heimasíðu skólans. Foreldrafélagið er búið að funda reglulega yfir árið. Þau stóðu fyrir skemmtilegum gestum á jólaballið, Sólon kom á degi leikskólans, Sveitaferð, Bókagjöf í lok lestrarátaksins, krakkahestar og húllumhæ á sumarhátíðinni.

9. Starfsfólk

Á síðasta skólaári urðu smávægilegar breytingar á starfsmannahaldi. Í ágúst var sett út auglýsing á Alfreð og komu margar umsóknir. Þegar við ætluðum að ráða voru einhverjir sem

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

drógu umsóknina til baka og tveir sem voru ráðnir um haustið reyndust óhæfir og þurfti að láta þá fara innan þriggja mánaða. Þannig að haustið var erfiðara fyrir vikið.

Við leikskólann störfuðu tuttugu og tveir leikskólakennarar á tímabilinu, auk fjögurra starfsmanna með aðra háskólamenntun. Stjórnendateymi leikskólans samanstendur af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra, sem allar hafa leikskólakennaramenntun.

Á árinu luku tveir starfsmenn BA-gráðu og gengu í kjölfarið til liðs við Kennarasamband Íslands, sem styrkir faglegt starf leikskólans og eykur þekkingargrunn starfsfólks.

Þrír starfsmenn eru jafnframt í námi samhliða störfum; þar af eru tveir í leikskólakennarafræðum og einn í námi til leikskólaliða.

Auk þessa starfa tólf leiðbeinendur við leikskólann, þar af tveir með réttindi sem leikskólaliðar.

Í Urðarhóli er gert ráð fyrir 17,21 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 100% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 100% stöðu sérkennslustjóra og 250% stöðugildi í eldhúsi. Að auki eru 11,1 starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Síðasta starfsár voru 41 stöðugildi, en þar af 7,75 stöðugildi vegna sérkennslu.
Leikskólaárið 2026 - 2027 munu starfa í Urðarhóli auk stjórnenda, 6 leikskólakennarar með deildarstjórn, 15 leikskólakennarar, sérkennslustjóri með leikskólakennaramenntun, 4 háskólamenntað starfsfólk, 1 með grunnskólakennaramenntun, 1 íþróttakennaramenntun, 1 með félagsfræði og 1 með fornleifafræði og 13 leiðbeinendur. 2 starfsmenn eru í leikskólakennarafræði í Háskólanum og 1 í leikskólaliðanámi.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólanefndar ef um námsferð erlendis er ræða. Í ár erum við að fara í námsferð til Berlínar og sækjum því um sjötta skipulagsdaginn þann 10 maí. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

1. Fimmtudagurinn 1 október - förum yfir almenn öryggismál, samræmdar starfsaðgerðir og skipuleggjum skólaárið ásamt því að fá fræðslu frá BOFS um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.
2. Miðvikudaginn 11. nóvember – Ráðstefna menntasviðs um tónlistaruppeldi barna. Förum yfir læsis- og málstefnu Urðarhóls.
3. Föstudagurinn 12. janúar – Ýmis málefni eins og UNICEF, farsældin ofl. og deildarfundir.
4. Þriðjudaginn 9. mars – mat á skólastarfi. Heilbrigði og vellíðan ásamt því að skipuleggja sumarstarfið.

5-6. Fimmtudaginn 6 maí til mánudagsins 10 maí 2027 verður farið í námsferð til Berlínar. Þar verður farið í skólaheimsóknir og setið námskeið um útinám.

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólk til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði.

11. Aðrar upplýsingar

Í leikskólanum Urðarhóli er rými fyrir 130 börn. Samsetning barnahóps næsta skólaár skiptist á eftirfarandi hátt: 39 börn fædd 2021, 30 börn fædd 2022, 28 börn fædd 2023, 22 börn fædd 2024 og 8 börn fædd 2025. Meðaldvalartími barna seinasta skólaár var 7 tímar og þegar þessi skýrsla er skrifuð eru 59 börn í 6 tíma dvöl.

Af þeim börnum sem skráð eru í leikskólann eru 10 börn þar sem báðir foreldrar eru af erlendum uppruna og tólf börn eru með annað foreldri af erlendum uppruna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Á síðasta skólaári voru 7,75 stöðugildi fyrir sérkennslu, sem dreifðist á deildar eftir þörfum.

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2025 - 2026

Skólaárið 25-26 var almennu viðhaldi sinnt í skólanum. Engar stærri aðgerðir innanhúss.
Húsumsjónarmaður lagaði hænsnagerði eftir að snjóþungi braut efri hluta þess. Kúplar ljósastauranna á skólalóðinni voru endurnýjaðir.
Húsumsjónarmaður hefur komið og lagað/sett upp það sem við höfum þurft og finnst okkur það frábær að hafa hann til þess að laga og bæta.
Við bíðum enn spennt eftir því að fá nýja innréttingu í listaskála sem og ný gólfefni þar og á allar deildar í stóra Urðarhóli.

Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027

Samkvæmt heilbrigðiseftirliti þarf að laga veggi hjá okkur þar sem málning/múr er farin að flagna og höfum við óskað eftir lagfæringu á því.

- Nýja innréttingu og gólfdúk inn í listaskála.
- Nýja gólfdúka á allar deildir í Urðarhólshúsinu.
- Felliborð í Stubbasel
- Stóra skápa inn á salerni í stóra húsi

13. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.
Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Öryggisnefnd: Rebekka Gylfadóttir, leikskólastjóri , Ingibjörg Sólrún Ágústsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri , Hjördís Hrund Ingvadóttir, deildarstjóri og Gunnhildur Magnúsdóttir, leikskólakennari
Öryggistrúnaðarmaður: Hjördís Hrund Ingvadóttir, deildarstjóri.
Öryggisverðir: Rebekka Gylfadóttir, leikskólastjóri og Ingibjörg Sólrún Ágústsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Áfallaráð: Rebekka Gylfadóttir, leikskólastjóri , Hjördís Stefanía Guðnadóttir, sérkennslustjóri, Hjördís Hrund Ingvadóttir, deildarstjóri og Ingibjörg Sólrún Ágústsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Sjóvá.
Alls hafa verið skráð 8 atvik þetta skólaár, öll minniháttar sem ekki þurfti íhlutun læknis við.

14. Lokaorð

Síðastliðið skólaár gekk heilt yfir vel með alls konar uppákomum eins og lífið bíður upp á. Við stjórnendur erum orðnar öruggari í okkar hlutverkum sem stjórnendur og þá fara hlutirnir að rúlla betur. Þessi tvö þróunarverkefni sem við tókum þátt í, og eru enn í gangi, voru krefjandi og skemmtileg áskorun fyrir okkur þar sem kennarar voru með alls kyns skoðanir á þeim eins og gengur og gerist. Það fór einnig talsvert fyrir innleiðingu á Teams þar sem fólk er á misjöfnum stað þegar tölvumál eru annars vegar en heilt yfir hefur innleiðingin gengið vel og flestir hafa náð ágætum tökum á því.

Með tilkomu farsældarinnar hafa verkefni sérkennslustjórans aukist þó talað hafi verið um að það myndi ekki gerast þá er reyndin önnur. Það fylgir mikil skriffinska farsældinni og eins mikil eftirfylgni ef þetta á að vera vel gert og því spyr ég hvort ekki þurfi að endurskoða stöðu sérkennslustjórans með tilliti til farsældarinnar?

Nýjungin með að allir deildarstjórar séu í undirbúningi á fimmtudagsmorgnum er að koma mjög vel út. Deildarstjórarnir hafa eflst í sinni vinnu með þeirri fræðslu sem þeim er boðið upp á og þessir tímar nýtast mjög vel í samráð hvort sem það er á milli deildarstjóranna, við sérkennslustjóra, leikskólastjóra eða annað starfsfólk.

Við vorum svo heppin að fá inni hjá Barnaskóla Kársnes fyrir Skógarhólinn sem gekk mjög vel og stefnum á áframhaldandi samvinnu við hann næsta vor. Skólinn er að yngjast talsvert þar sem við erum að fá inn yngri börn þetta árið svo það er spurning hvort Kársnesið sé að ná jafnvægi í leikskólamálum. Við hlökkum til komandi skólaárs með öllu því sem það bíður upp á.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Dæmi Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	**Vegna**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímarammi**	**Ábyrgð**	**Viðmið um árangur**	**Staða**
Leggja fyrir stöðumat (broskallamat) unicef.	Unicef	Legga matið fyrir á haustönn en ekki vorönn til að geta unnið úr niðurstöðum.	Haust 2026	Aðstoðarleikskólastjórai	Raddir barna heyrast og þau fá að meta eigið skólastarf.	Lagt var fyrir stöðumat í apríl skólaárið 25/26 og ætlum við að leggja það fyrr fyrir skólaárið 26/27
Vinna að auknu hæglæti í starfinu með því t.d. að passa uppá hópastæðir, áreiti í fataklefa og wc.	Endurmat sköpun og læsi	Vera meðvituð um að hafa litla hópa t.d. í lestrarstundum. Passa öngþveiti í fataklefum, wc og skiptistundum. Vera dugleg að hafa helming úti, helming inni til að lágmarka hljóðvist.	Skólaárið 26-27	Allir starfsmenn leikskólans.	Meiri ró á deildum.	Deildar eru meðvitaðar um áreiti og hljóðvist. En alltaf hægt að gera betur.
Leggja fimm ára mat fyrir á haustönn	Unicef	Byrja strax í byrjun skólaárs að leggja matið fyrir elstu börn leikskólans	Haust ‘26	Deildarstjórar elstu deilda	Breytingar vegna innleiðingu réttindaráðs.	Haldið var réttindaráðsfundir síðasta skólaár, en þurfa þeir að vera markvissari næsta skólaár.
Samskipta og umgengnissáttmálar: samræma milli deilda.	Unicef	Stofna umræðuhópa barna og vinna útfrá niðurstöðum þeirra.	Haust ‘26	Deildarstjórar	Reglur útgefnar.	Var gert í fyrra.
Réttindaráð. Börn hafi raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins.	Unicef	Réttindaráð hafið , en þarf að gera markvissara næsta skólaár	2020/2021	Deildarstjórar	Breytingar sem rekja má til unicef.	Réttindaráðið fundaði og út frá því var meira partý í garðinum t.d.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Vasaljósadagur, 'partý' í garðinum á dimmum dögum.	réttindaráð	Vera með samræmdan vasaljósadag á dimmustu dögum ársins. Gera jafnvel meira úr því, vera með diskókúlur og tónlist. Setja upp jólaljós út í garð fyrir jólin á á dimmustu dögum.	Vetur 2026-27	Unicef-ráð	Breytingar sem má rekja til Unicef.	Var byrjað á síðasta skólaári.
Aukið næði á salernisaðstöðu.	Réttindráð, öryggiskönnun, stöðumat, unicef.	Það kom fram í samræðum við börnin að þau kalla eftir auknu næði á salernisaðstöðu. Þeim finnst mörgum hverjum óþægilegt að fara á salerni þegar aðrir eru að opna o.s.frv.	2026/27	Skólastjórnendur	Börnin meti öryggi á salerni betur í stöðukönnun næsta árs.	
Bjóða uppá foreldraviðtöl á hálfs árs afmæli barnsins.	Foreldrakönnun	Þar sem við tökum foreldraviðtal í afmælismánuði barnsins þurfum við að gefa þann valkost að fá foreldraviðtöl á hálfs árs afmæli barnsins.	2026-27	Deildarstjórar	Mælingar í næstu foreldrakönnun.	Boðið uppá á haustönn
Auka umferðaröryggi við skólann	Foreldrakönnun	Við höfum beðið um að mála kanta hjá okkur gula þar sem mikið er lagt ólöglega sem myndar hættu. Við höfum látið mála gula kanta meðfram austurhlið leikskólans síðasta ár.	2026/27	Skólastjórnendur	Mælingar í næstu foreldrakönnun	Búið að mála kanta meðfram austurhlið hússins en eftir er að mála kanta við gangstétt hjá bílastæði leikskólans.
Læsisstefna gefin út	Stefna Kópavogsbæjar	Á næsta skólaári stefnum við að því gefa út læsisstefnu leikskólans	26/27	Skólastjórnendur	Að læsisstefnan sé gefin út.	Vinna ekki langt á veg komin
Málstefna gefin út	Stefna Kópavogsbæjar	Á næsta skólaári stefnum við að því að gefa út málstefnu leikskólans	26/27	Skólastjórnendur	Að málstefnan sé gefin út.	Vinna ekki langt á veg komin

Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11.2026

K-pals		Næsta skólaár er annað ár í innleiðingu K-pals	26/27	Deildarstjórar og leikskólastjóri		K-pals innleiðingarverkefni byrjaði síðasta skólaár og mun halda áfram næsta skólaár.
Lausnarteymi	Aukinni áherslu á mikilvægi þess.	Lausnateymið lá í dvala þetta skólaár og því barst einungis eitt mál. Næsta skólaár viljum við virkja teymið, þannig að fleiri mál berist þangað og unnið sé markvisst úr þeim með teyminu.	26/27	Lausnateymi	Fleiri mál berast til teymisins	Lausnateymi er starftækt.
Matsteymi	Lögum samkvæmt	Við höfum ekki virkjað matsteymi og stefnum á að virkja það á næsta skólaári.	26/27	Stjórnendateymi	Að það verði matsteymi	Matsteymi er ekki starftækt.
Endurnýja tölvubúnað	Niðurstöður starfmannakönnunar	Tölvubúnaður er úreltur.	Haust 26	Tölvudeild Kópavogsbæjar	Að það koma nýjar tölvur.	
Réttindaráð - endurskipulagning fyrirkomulags.	Unicef	Fyrirkomulag réttindaráðs var ekki gott þar sem hóparnir voru alltof stórir. Við ætlum í samráði og samtali við deildarstjóra og UNICEf ráð leikskólans að finna aðra lausn sem virkar betur.	Haust 26	Stjórnendur, deildarstjórar, Unicef ráð	Að börnin skilji betur réttindaráðið.	Réttindaráð er starftækt, en þarf að breyta fyrirkomulagi.

Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Dæmi Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	**Lýsing á námskeiði**	**Markmið**	**Dagsetning**	**Tímafjöldi**	**Kostnaður**	**Ábyrgð**
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í mánuði 2 tímar í senn eftir vinnu.	Eftirvinna	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Skólaárið 26-27.	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	1x mánuði	ca 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Aðstoðarleikskólastjóri
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	Unnið á starfsdögum.	starfsdagar	Leikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Fræðsla frá BOFS um kynferðisofbeldi gegn börnum.	1 október	1 október	3 tímar		Leikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Allt starfsfólk	Aðalfundur foreldrafélagsins og kynningarfundur/súpufundur			2 tímar		Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Skipulagsdagar	Ráðstefna í boði menntasviðs um notkun tónlistar sem námsgagn til að efla málþroska fyrir börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.	11 nóv	4 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Ýmis mál	12 janúar	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Innra mat unnið Heilbrigði og vellíðan	9.mars	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	1 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Endurmenntunarferð til Berlínar.	Kynnast skólastarfi í Berlín sem og fara á námskeið um útinám.	6-10 maí	16 klst.	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Sérkennsluteymisfundir	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	2x í mánuði	60 min hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2026 – 2027

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla: Urðarhóll

		ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ		
1	L		1	Þ		1	F	Skipulagsdagur	1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M		1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ	
2	S		2	M		2	F		2	M		2	M		2	L		2	Þ		2	Þ		2	F		2	S		2	M			
3	M	Frídagur verslunarmanna	3	F		3	L		3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F			
4	Þ	Sumarfrí skv.	4	F		4	S		4	M		4	F		4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F			
5	M	Sumarfrí skv.	5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F		5	F		5	M		5	M		5	L			
6	F	Leikskóli opnar 13:00	6	S		6	Þ		6	F		6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn		
7	F		7	M		7	M		7	L		7	M		7	F		7	S	Dagur tónlistarskólans	7	S		7	M		7	F	Skólaslit	7	M			
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	F		8	M	Bolludagur	8	M		8	F		8	L		8	Þ			
9	S		9	M		9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ	Skipulagsdagur	9	F		9	S		9	M			
10	M		10	F		10	L		10	Þ		10	F		10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M	Skólaslit	10	F			
11	Þ		11	F		11	S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11	M	Skipulagsdagur	11	F		11	M		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	S		11	Þ		11	F			
12	M		12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F		12	M		12	M		12	L			
13	F		13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S			
14	F		14	M		14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S	Dagur stærðfræðinnar	14	M		14	F		14	M			
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F	Skipulagsdagur	15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ			
16	S		16	M	Dagur íslenskrar náttúru	16	F		16	M	Dagur íslenskrar tungu log	16	M		16	L		16	Þ		16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M			
17	M		17	F		17	L		17	Þ		17	F	Litlu jólin	17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Ljóðveldisdagurinn		
18	Þ		18	F		18	S		18	M		18	F		18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F			
19	M		19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F		19	F		19	M		19	M	Útskriftaferð	19	L			
20	F		20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda barna	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F	Útskrift	20	S			
21	F		21	M		21	M		21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur - Upphaf Góu	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F	Skógarnóll	21	M			
22	L		22	Þ		22	F	Skráningardagar	22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagur - Upphaf Þorra	22	M	Skráningardagar	22	M	Skráningardagar	22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ			
23	S		23	M		23	F	Skráningardagar	23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L		23	Þ	Skráningardagar	23	Þ	Skráningardagar	23	F		23	S		23	M			
24	M		24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M	Skráningardagar	24	L		24	M		24	F			
25	Þ		25	F		25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F			
26	M		26	L	Evrópski tungumáladagurinn	26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F		26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M		26	L			
27	F		27	S		27	Þ		27	F		27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	F		27	S			
28	F		28	M		28	M		28	L		28	M	Skráningardagar	28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M		28	F		28	M			
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ	Skráningardagar	29	F							29	M	Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ		
30	S		30	M		30	F		30	M		30	M	Skráningardagar	30	L							30	Þ		30	F		30	S		30	M		
31	M					31	L					31	F	Gamlársdagur	31	S							31	M					31	M					

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Tillögur / hugmyndir að umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs (*þessir punktar eru einungis hugsaðir til að hafa til hliðsjónar fyrir foreldraráð við yfirlestur starfsáætlunar*)

Inngangur/almennt

T.d. hlutverk ráðsins (er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt)

Umsögn:

Hvernig er starfsáætlunin unnin?

- Lýsir hún starfsemi leikskólans;
    - markmiðum, áherslum og leiðum?
    - hvernig unnið er með börnunum til að þeim líði sem best?
    - hvernig starfsemin fléttast áhersluþáttum leikskólans?
    - fyrirhugaðri foreldrasamvinnu – upplýsingum til foreldra
        - foreldraviðtölum, og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar um starfsemina?
    - hvernig matið í leikskólanum fer fram og hvaða matstæki eru notuð?
- Gefur hún yfirlit yfir starfsmannahópinn (menntun, reynslu o.fl.)

Lokaorð:

T.d. í heildina telur foreldraráð að starfsáætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem framundan er.

Undirskrift foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026